



Félagsheimilið á Blönduósi FUNDUR - 20. desember 2006

Fundur haldinn í stjórn Félagsheimilisins á Blönduósi miðvikudaginn 20. desember 2006 klukkan 12:00 á bæjarskrifstofu.

Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Áramótadansleikur.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Rannveig Bjarnadóttir tómsfundafulltrúi Blönduósbæjar skýrði frá símtali sem hún fékk frá tómsfundafulltrúann í Sveitarfélaginu Skagafirði, þar lýsir hann áhyggjum sínum vegna 16 ára aldurstakmarks á áramótadansleik sem haldinn verður í Félagsheimilinu á Blönduósi. Stjórnin minnti á að 16 ára dansleikir væru haldnir reglulega í Skagafirði allt árið og spyr, hver sé munurinn á dansleik um áramót eða öðrum árstíma, skal það tekið skýrt fram að sætaferðir eru ekki skipulagðar af rekstraraðilum félagsheimilisins frá nágrennasveitarfélögunum. Eftir samtal við yfirlögregluþjóninn hjá embætti sýslumanns kom fram að engin vandamál hefðu skapast á síðasta áramótadansleik, stjórnin ákvað því á þessum fundi að halda þetta áramótaball í óbreyttu formi þetta árið.
2. Erindi kom frá UMF Hvöt hvort félagsheimilið hefði möguleika á að kaupa jólatré í húsið. Málinu vísað til rekstraraðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Nína Margrét Pálmadóttir
Héðinn Sigurðsson
Kári Kárason
Sigurður Jóhannesson
Rannveig Bjarnadóttir, tómsfundafulltrúi

Kristín Guðjónsdóttir